Listasafnið með yfirlitssýningu á verkum Finns Jónssonar



Finnur Jónsson við málverkið „Fiskimenn", sem er í eigu Sjómannaskóla Íslands.

YFIRLITSSÝNING á verkum Finns Jónssonar listmálara verður opnuð á morgun klukkan 14 í Listasafni Íslands. Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra mun opna sýninguna að viðstöddum forseta Íslands og frú. Um það bil helmingur málverkanna á sýningunni er í eigu listamannsins sjálfs, hin eru í eigu Listasafnsins og einkaaðilja.

Finnur Jónsson er fæddur 15. nóvember 1892 og er því kominn talsvert yfir áttrætt. Í viðtali við Morgunblaðið í gær sagði Finnur að hann málaði enn af fullum krafti, eða hvern dag, sem guð gæfi yfir.

Finnur lauk námi í gullsmíði í Reykjavík árið 1919, en lagði síðan leið sína til Kaupmannahafnar þar sem hann stundaði listnám, en hélt síðan til Þýzkalands og stundaði nám í Berlín og Dresden. Kennari hans í Þýzkalandi var m.a. Oskar Kokoschka.


Fyrstu einkasýningu sína hélt Finnur í Reykjavík 1921, en hefur síðan haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum bæði heima og erlendis. Honum hefur hlotnazt margvíslegur heiður fyrir list sína og hefur t.d. fengið heiðurslaun frá Alþingi síðan 1973.

Yfirlitssýningin á verkum Finns stendur í fjórar vikur og verður opin alla daga frá 13.30 til 22.

Kjarval í kaffistofunni

JÓHANNES S. Kjarval listmálari hefði orðið 91 árs í dag og verður hans minnzt á Kjarvalsstöðum í dag. Málverk og teikningar eftir meistarann verða sýnd á kaffistofu Kjarvalsstaða, en verkin eru úr safni Þorsteins B. Magnússonar og Karitas Bjargmundsdóttur.

Fimmtudaginn 21. október verður fyrsti fyrirlesturinn um nútímastefnur í myndlist í fyrirlestraröð, sem ætlað er að verði fram yfir jól. Verða þessi fyrirlestrar haldnir hvern



Jóhannes S. Kjarval.

fimmtudag klukkan 17.30 og mun Aðalsteinn Ingólfsson sjá um þá alla.


Magnús Á. Árnason opnar sýningu á Kjarvalsstöðum

Magnús Á. Árnason opnar málverkasúningu á Kjarvalsstöðum á morgun klukkan 14. Er þetta fyrsta sýning Magnúsar í 7 ár, en síðast sýndi hann hjá Ragnari í Smára á Veghúsastíg 1969.


Flestar myndirnar á sýningunni eru málaðar á undanförnum árum og eru allar til sölu. Á sýningunni eru auk málverkanna nokkrar höggmyndir. Magnús hefur tekið þátt í sýningum í Danmörku, Rúmeníu, Mexíkó og Bandaríkjunum, en nám stundaði Magnús á yngri árum í Danmörku og Bandaríkjunum.

Nýlega stofnaði Magnús ásamt syni sínum, Vífli Magnússyni arkitekt, „Minningarsjóð Barböru Árnason". Skal fé úr sjóðnum varið til styrktar einum listamanni ár hvert og fer úthlutun úr sjóðnum fram á afmæli listakonunnar, 19. apríl.


Sýning Magnúsar á Kjarvalsstöðum stendur frá 16. okt. — 31. okt. frá kl. 14—22 alla daga nema mánudaga.



Magnús Á. Árnason með Valdísi sonardóttur sinni. Málverkið til hægri á myndinni heitir „Eyjafjallajökull" og til vinstri er málverk af Tjörfafelli.



Séra Hjalti Guðmundsson



Séra Tómas Sveinsson



Atkvæði talin í prestkosningunum til Dómkirkjunnar í gærmorgun. Frá vinstri Baldur Möller, Jón Tómasson, Hjalti Guðmundsson, Hannes Guðmundsson, Þórir Stephensen, Óskar J. Þorláksson, Þór Magnússon, herra Sigurbjörn Einarsson biskup og Jón Þorvarðarson.

Kosningar til Dómkirkjunnar og Háteigskirkju ólögmætar:

Hjalti og Tómas hlutu flest atkvæði

Atkvæði voru í gær talin á skrifstofu biskups í prestskosningunum til Dómkirkjunnar og Háteigskirkju, sem fram fóru síðastliðinn sunnudag. Séra Hjalti *Guðmundsson hlaut mun fleiri* atkvæði en Hannes Guðmundsson í Dómkirkjukosningunum, en í Háteigssókn hlaut séra Tómas Sveinsson flest atkvæði þriggja frambjóðenda.

Á kjörskrá í prestskosningunum til Dómkrikjunnar 10. október sl. voru 4656 manns, en 1795 greiddu atkvæði. Hlaut séra

Framhald á bls. 46

SFV lögð niður sem landssamtök

Framkvæmdastjórn hefur lagt niður störf og aflýst áður auglýstum landsfundi

MORGUNBLAÐINU barst í gær fréttatilkynning frá framkvæmdastjórn Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Þar kemur fram, að framkvæmdastjórnin samþykkti á fundi sínum á þriðjudaginn tillögu, sem efnislega felur í sér að Samtökin verða lögð niður sem landssamtök. Hefur framkvæmdanefndin lagt niður störf og aflýst áður auglýstum landsfundi. Fréttatilkynning fer hér á eftir:

Á fundi framkvæmdastjórnar Samtaka frjálslyndra og vinstri manna 12. október 1976 fluttu Ólafur Ragnar Grímsson, Karvel Pálmason og Magnús Torfi Ólafsson eftirfarandi tillögu og var hún samþykkt einróma af öllum framkvæmdastjórnarmönnum:

„Undanfarið hafa farið fram innan Samtaka frjálslyndra og vinstri manna umræður um framtíð íslenskrar vinstri hreyfingar. Meginkjarni umræðnanna hefur falist í athugun á þeim leiðum sem færstar þykja til að vinna að upphaflegu markmiði Samtakanna, þ.e. að stuðla að sameiningu vinstri aflanna í landinu. Framkvæmdastjórn Samtakanna hefur verið aðalvettvangur þessara umræðna og hefur hún á fundi sínum 12. október 1976 komist einróma að eftirfarandi niðurstöðum:

1. Þótt framkvæmdastjórnin sé einhuga um mikilvægi hins upphaflega markmiðs, ríkja skiptar skoðanir um leiðir til að vinna að því og ólíkt mat á hverjar séu ákjósanlegastar.

2. Þessi þróun hefur það í för með sér að farsælast þykir, eins og nú er komið, að hver eining Samtakanna — þinglokkur, kjördæmasambönd, flokksfélög og einstaklingar — vinni að framgangi þessa markmiðs í næstu framtíð á sínum starfsvettvangi og í samræmi við það sem hver aðili telur ákjósanlegast.

3. Í samræmi við fyrrgreindar niðurstöður telur framkvæmdastjórnin rétt að fela þingflokki meðferð þeirra sameiginlegu verkefna, sem sinna þarf, og vísar sérmálum til meðferðar hinna einstöku skipulagseininga.

Framhald á bls. 46

Opinber málshöfðun vegna skopteikninga

Áhugi Tímans á „glæpamálum" loksins vakinn

SAKSÓKNARI ríkisins hefur gefið út ákæru á hendur ritstjórum Morgunblaðsins, Matthíasi Jóhannessen og Styrmi Gunnarssyni, vegna kæru vþýzka rannsóknarlögreglumannsins Karl Schütz til sakadóms Reykjavíkur út af tveimur skopmyndum Sigmunds, sem birtust í Morgunblaðinu á sínum tíma og Schütz telur meiðandi fyrir sig.

Jafnframt hefur Halldór Þorbjörnsson, yfirsakadómari, úrskurðað, að reglulegir dómarar sakadóms Reykjavíkur skuli ekki fjalla um mál þetta, þar sem Karl Schütz starfi í þágu embættisins og verður því væntanlega skipaður setudómari í málinu.

Ritstjórum Morgunblaðsins varð fyrst kunnugt um að ákæra þessi hefði verið gefin út, er þeir sáu frétt þess efnis í dagblaðinu Tímanum í gærmorgun, sem hófst á þessum orðum: „Ríkissaksóknari hefur fyrir hönd ákæruvaldsins höfðað mál gegn ritstjórum Morgunblaðsins..." Ákæruvaldið hefur um langt árabil verið í höndum ríkissaksóknara og er Mbl. ekki kunnugt um að breyting hafi orðið á því en fyrir allmörgum árum var embætti saksóknara stofnað og ákæruvaldið flutt úr höndum dómsmálaráðherra. Þessi breyting var gerð til þess að koma í veg fyrir tortryggni um að pólitísk sjónarmið réðu ákvörðunum ákæruvaldsins. Þrátt fyrir orðalag fréttar Tímans í morgun er ekki kunnugt um að breyting hafi orðið á þessari skipan.

Þótt hér sé í rauninni um venjulegt meiðyrðamál að ræða, er mál þetta höfðað sem opinbert mál á grundvelli 108. gr. hegningarlaga, sem gerir ráð fyrir að höfða megi opinbert mál ef opinber starfsmaður verður fyrir meintum ærumeiðingum. Við rannsókn málsins í sakadómi lýstu ritstjórar Morgunblaðsins því yfir, að þeir teldu að ekki væri hægt að líta á Karl Schütz sem opinberan starfsmann í skilningi laganna og áskildu sér rétt til þess að krefjast dómsúrskurðar um það atriði á síðari stigum málsins. Í samræmi við það munu lögfræðingar Morgunblaðsins nú gera ráðstafanir til að krefjast úrskurðar sakadóms um þetta efni. Falli úrskurður dómstóls á þann veg að Karl Schütz geti ekki talizt opinber starfskraftur, verður að reka mál þetta sem venjulegt einkamál.

Karl Schütz beðinn afsökunar

Af hálfu ritstjóra Morgunblaðsins hefur þegar verið beðizt afsökunar á birtingu þessara tveggja mynda. Í yfirlýsingu frá ritstjóra Morgunblaðsins hinn 9. september sl. segir svo:

„Vestur-þýzki rannsóknarlögreglumaðurinn Karl Schütz

Framhald á bls. 46